



Skýrsla stjórnar og framkvæmdastýru
18. apríl 2023 –16. apríl 2024

Félagið heitir Hagþenkir – félag höfunda fræðiritra og kennslugagna. Félagið er fagfélag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Hagþenkir var stofnað 1. júlí 1983 af 42 höfundum og í apríl 2024 orðnir 738. Þeir sem eru 70 ára og eldri borga ekki félagsgjald. Sem er 4500 kr.

Markmið félagsins og starf stjórnar

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samninga og útgáfu fræðiritra og kennslugagna. Að markmiðinu skal meðal annars vinna með því að:

- Afla upplýsinga og veita leiðbeiningar sem félagsmönnum mega að gagni koma.
- Annast samninga fyrir félagsmenn sameiginlega og vera aðili að rétthafasamtökum sem máli skipta í því sambandi.
- Úthluta því fé sem greitt er til félagsins samkvæmt slíkum samningum í samræmi við reglur sem samþykktar eru á aðalfundi.
- Vinna að því að lög, reglugerðir og reglur sem í gildi eru á hverjum tíma þjóni sem best markmiðum félagsins og vinna að sem víðtækastri viðurkenningu á gildi þess að starfsskilyrði höfunda fræðiritra og kennslugagna séu sem best.

Stjórn Hagþenkis markar stefnu og starfsemi félagsins samkvæmt lögum þess. Hún beitir sér fyrir því að samningar og skilyrði höfunda fræðiritra og kennslugagna og skylds efnis séu sem best og annast samningagerð fyrir félagsmenn sameiginlega. Stjórn fær til umsagnar ýmis frumvörp Alþingis og semur álitserðir sem snerta hagsmunum félagsins og ýmis menningarmál. Stjórn afgreiðir inntökubeiðnir, þóknanir, ferða- og menntastyrki til félagsmanna og skipar í ráð og nefndir. Stjórninni berast ýmiss erindi og fyrirspurnir er snerta höfunda en ráðgjöf er almennt á borði framkvæmdastýru.

Stjórn er heimilt ráða sér framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri í samræmi við ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri skal sitja fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og hefur umsjón með framkvæmd þeirra ákvarðana sem stjórn tekur. Framkvæmdastjóri er prókúruhafi félagsins. Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin og verksvið hans nánar skilgreint.

Félagið skal hafa vefsíðu. Á vefsíðunni skal m.a. birta samþykktir og upplýsingar um stjórn samtakanna, almenna úthlutunarstefnu vegna réttindagreiðslna og aðrar upplýsingar sem skulu aðgengilegar á opinberum vef lögum samkvæmt.

Fulltrúaráð eru varamenn í stjórn. Skulu þeir kvaddir til stjórnarfunda til skiptis eftir því sem þörf krefur. Skal stefnt að því að fulltrúaráðið skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Fulltrúaráðið tekur þátt í mótun stefnu í starfi félagsins og tekur ákvarðanir um þau mál sem stjórn eða aðalfundur vísa til þess. Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Aðalfundur Hagþenkis

Aðalfundur 2023 var haldinn 18. apríl kl. 17 í sal Nes Kirkju. Á fundinum varð breyting á stjórn. Ásdís Lovísa Grétardóttir hætti í stjórn og Sólrún Harðardóttir kosin, en hún var í fulltrúaráðinu. Ásdís Lovísa tók sæti í fulltrúaráði og Sigmundur Einarsson. Unnur Dís Skaptadóttir hætti.

Stjórn kosin á aðalfundi og stjórnin skipti með sér verkum á næsta stjórnarfundum.

- Gunnar Þór Bjarnason, formaður, í stjórn frá 2021
- Ásdís Thoroddsen, varaformaður, í stjórn frá 2019
- Henry Alexander Henrysson, ritari, í stjórn frá 2019
- Snæbjörn Guðmundsson, meðstjórnandi, í stjórn 2019
- Sólrún Harðardóttir, í stjórn frá 2023

Fulltrúaráð kosið á aðalfundi

- Gunnar Þór Bjarnason, formaður fulltrúaráðs
- Ásdís Lovísa Grétarsdóttir
- Halldóra Jónsdóttir
- Sigmundur Einarsson
- Þórunn Sigurðardóttir

Samþykktir aðalfundar.

Fyrir aðalfund fundaði stjórn Hagþenkis með fulltrúaráði þar sem fjárhagsstaða félagsins og tillögur formanns um skiptingu útteildra tekna, fyrir næsta starfsár voru kynntar. Tekjur sem byggja á greiðslum frá Fjölís. Hvort tveggja samþykkt. Liðurinn starfsstyrkir til ritstarfa var hækkaður um tvær milljónir og viðurkenning Hagþenkis hækkuð í 1.500.000. kr.

Tillaga formanns um skiptingu útteildra tekna 2023	
Á grunni Fjölís tekna:	
Starfstyrkir til ritstarfa	20.000.000
Þóknarir vegna ljósritunar og skönnunar	6.000.000
Ferða og menntastyrkir	4.000.000
Viðurkenning Hagþenkis	1.500.000
	31.500.000

Útteildar tekjur

Fjölís fé, útteilt var kr. 29.165.000 og auk þess greiddar erlendar rétthafagreiðslur kr. 632.987. IHM fé, útgreitt sem rétthafagreiðslur, kr. 20.023.762 og þar af stór hluti uppgjör 2016-2019. Ómerktu IHM fé var veitt til handritsstyrkja kr. 1.500.000 og 75.000 kr. til ferða og menntastyrkja óháð félagsaðild. Samtals 21.598.762 kr.

Stjórnarfundir

Stjórn Hagbenkis hélt 8 stjórnarfundir á árinu fyrir utan aðalfund og fulltrúaráðsfund.

Kynning á Hagbenki

Friðbjörg framkvæmdastýra hélt tvisvar fyrirlestur um Hagbenki, markmið og starfsemi þess annars vegar fyrir Akureyrar Akademiuna og hins vegar félag sagnfræðinema í HÍ.

Skrifstofa Hagbenkis

Skrifstofa Hagbenkis þurfti að fá og fékk nýjan tölvubúnað, tölvu, skjái, forrit og leyfi fyrir þeim og næst þarf að fjárfesta í uppfærslu á félagaforritinu.

Samningar Hagbenkis

Samningur Hagbenkis við RÚV er frá 1987 og taxtinn er uppfærður á þriggja mánaða fresti. Stjórn Hagbenkis samþykkti að útvíkka ekki samninginn, að verða ekki samningskvaðafélag

Í upphafi árs 2019 hófst samningalota við Menntamálastofnun og hún stóð til lok árs 2022. Á því tímabili fékkst af hendi ráðuneytisins endurnýjað umboð þess efnis að Hagbenkir væri réttmætur samningsaðili fyrir hönd námsefnishöfunda við Menntamálastofnun. Nýr rammasamningur tók gildi 16. janúar 2023 og er hann uppfærður einu sinni á ári. Menntamálastofnun fékk á árinu heitið, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Norrænt samstarf

Norrænt samstarf er mikilvægt fyrir Hagbenki og eru allajafna haldnir tveir slíkir fundir á ári. Annars vegar NFF fundur, sem norræn félög höfunda fræðirita og kennslugagna standa fyrir. Hins vegar, NFOR fundur, allra norrænu rithöfundafélaganna og þýðenda. Hagbenkir lét þýða á dönsku og ensku texta um félagið, markmið þess og starfsemi til að hafa til taks á fundunum.

NFOR fundinn í Helsingi 15.-16. júní sóttu Gunnar Þór og Friðbjörg ásamt Margréti Tryggvadóttur formanni RSÍ og Ragnheiði framkvæmdastjóra. Á þeim fundi komu fram miklar áhyggjur af þróun gervigreindar og af kjörum höfunda. NFOR 2024 verður haldinn í Stokkhólmi en 2025 í Færeyjum en ef það gengur ekki eftir, mun Hagbenkir og RSÍ sá um fundinn.

NFF fundur var haldinn 4. Des, í Kaupmannhöfn og í fyrsta sinn var tungumál fundar enska. Farið var yfir stöðu mála í hverju landi. Í Noregi voru til umræðu ný boglov og dönsku höfundaréttarlögin átti að uppfæra og danska rithöfundasambandið var að landa nýjum samningi við útgefendur þar sem rík áhersla var lögð á aukið gagnsæi. Per Kornhall, formaður samtaka sænsku námsefnishöfunda flutti erindi um stöðu námsgagna og kynnti átak sem félagið stóð fyrir til að auka gæði námsefnis sem og fjárfestingu stjórnvalda í námsgögnum. Félagið gaf út bókina, *Hur ska annars lare sig*, og í henni er safn vitnisburða um gildi námsefnis. Danskur lestrarfræðingur erindið. *Erum við að tapa ungum lesendum? Val barna og hæfni til að lesa fagbækur á Norðurlöndum*. Svarið var margþætt en augljóst að það þarf að leggja mun meiri áherslu á læsi og ekki síst á læsi og skilning á fræðilegum hugtökum.

Danska menningarmálaráðuneytið hefur sett á fót sérstakan, *BOGPANEL*, fram til ársins 2026. Til að styðja við bókabransann, auka þekkingu og umræður um breytingar á bókmarkaðinum og bókmenningu, í ljósi sívaxandi aðkomu streymisveitna og samkeppni frá samfélagsmiðlum, sem hefur haft víðtæk áhrif á lestrarvenjur og viðskiptamódel bókaútgáfu en ekki síst á kjör höfunda og þýðanda. <https://kum.dk/aktuelt/nyheder/kulturminister-nedsaetter-nyt-bogpanel>

BOGPANEL hefur birt sína fyrstu ársskýrslu *Bogen og Litteraturens vilkar 2023*. https://kum.dk/fileadmin/kum/1/Nyheder_og_presse/2023/Bogpanelets-Aarsrapport-TG.pdf

Í framhaldi fór fram „høring“ på Christiansborg, undir yfirskriftinni: *Vi er ved at tage faglitteraturen!* Fluttir voru fyrirlestrar og kynnt óbirt heimildamynd Danska rithöfundasambandsins, *BLæk/indeks*, sem fjallar um fag/fræðibækur og viðtöl tekin við 50 fag/fræðibókahöfunda.

Viðburðir

Hagþenkir stóð að venju fyrir fjórum viðburðum: Það er þann 8. febrúar voru kynntar tilnefningar til Viðurkenningar Hagþenkis og þann 24 febrúar kynntu höfundar rit sín, hvort tveggja fór fram í Borgarbóksafninu. Viðurkenning Hagþenkis var veitt í 5. mars og í lok júní voru starfsstyrkir til ritstarfa og handritsgerðar kynntir í Borgarbókasafninu.

Viðurkenning Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2022

Viðurkenningarráð Hagþenkis er skipað fimm fulltrúum fræðigreina til tveggja ára í senn og í því sátu: Ársæll Már Arnarsson, Halldóra Kristinsdóttir, Sigurður Sveinn Snorrason, Súsanna Margrét Gestsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir. Viðurkenningarráðið hóf störf um miðjan október og fundaði fram undir miðjan janúar. Friðbjörg er verkefnastýra ráðsins og stýrir viðburðum þeim tengdum.

Viðurkenningu Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2022 hlaut Hjalti Pálsson ritstjóri fyrir ritröðina, *Byggðasaga Skagafjarðar 1-X bindi*. Útgefandi Sögufélag Skagafjarðar. Í umsögn viðurkenningarráðsins sagði: *Yfirgripsmikið fjölbindaverk, skrifað af þekkingu og stutt margvíslegum heimildum ásamt fjölda ljósmynda*. Viðurkenninguna veitti formaður Hagþenkis, Gunnar Þór Bjarnason, áritað heiðursskjal og 1.250.000 kr. Settur var upp sýningarkassi tengdu verkinu í Þjóðarbókhöðunni í samstarfi við Ólaf J. Engilbertsson. Rökstuðning ráðsins flutti Svanhildur Óskarsdóttir. Fjölmiðlun gekk vel, tíðindin voru að venju lesin upp í Víðsjá og þau birtust á vefsíðum sem tengjast bókmenningu. Viðurkenningar Hagþenkis er einnig getið í erlendum kynningarbæklingi Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis voru í fyrsta sinn lesnar upp í Kiljunni og Friðbjörgu var gestur í þættinum. Búast má við að viðurkenningar Hagþenkis verði framvegis getið í Árbók Þjóðvinafélagsins.

Tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2022

Anna María Bogadóttir. *Jarðsetning*. Angústúra.

Persónulegt og vekjandi rit um manngerð rými sem hvetur til yfirvegunar um uppbyggingu og niðurbrot.

Ásdís Ólafsdóttir og Ólafur Kvaran. *Abstrakt geómetría á Íslandi 1950–1960*. Veröld.

Vandað og fallett rit um byltingaráratug í íslenskri myndlist. Ítarleg umfjöllun um tímabilið með myndum af einstökum verkum listamanna.

Ástríður Stefánsdóttir, Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir (ritstj.). *Aðstæðubundið sjálfræði. Líf og aðstæður fólks með þroskahömlun*. Háskólaútgáfan.

Hagnýtt fræðirit um þann einfalda en oft hunsaða sannleik að allir þjóðfélagsþegnar eigi að njóta grundvallarmannréttinda. Tímamótaverk.

Daníel Bergmann. *Fálkinn*. Anda.

Falleg og vönduð bók sem gefur góða innsýn í lífnaðarhætti fálkans og náið samband hans við íslensku rjúpunu, prýdd einstæðum ljósmyndum.

Helgi Þorláksson. *Á sögustöðum. Bessastaðir, Skálholt, Oddi, Reykholt, Hólar, Þingvellir*. Vaka-Helgafell.

Mikilvæg bók sem teflir niðurstöðum nýlegra rannsókna fram gegn hefðbundinni sýn á sögustaði.

Hjalte Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar*. I.–X. bindi. Sögufélag Skagfirðinga.

Yfirgripsmikið fjölbindaverk, skrifað af þekkingu og stutt margvíslegum heimildum ásamt fjölda ljósmynda.

Kristín Svava Tómasdóttir. *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25*. Sögufélag.

Saga Farsóttarhússins myndar ramma utan um óvæntar frásagnir og sjónarhorn sem skerpt er á með vönduðu myndefni.

Ragnar Stefánsson. *Hvenær kemur sá stóri? Að spá fyrir um jarðskjálfta*. Skrudda.

Vandað fræðirit um jarðhræingar á Íslandi stutt viðamiklum mæligögnum og frábærum skýringarmyndum og kortum.

Stefán Ólafsson. *Baráttan um bjargirnar. Stjórnmal og stéttarbarátta í mótun íslensks samfélags*. Háskólaútgáfan.

Víðtæk og vel skrifuð þjóðfélagsfræðileg greining á þróun lífskjara og samfélagsgerðar á Íslandi.

Þorsteinn Gunnarsson. *Nesstofa við Seltjörn. Saga hússins, endurreisn og byggingarlist*. Þjóðminjasafn Íslands.

Ítarlegt yfirlitsrit þar sem lesendur fá glögga innsýn í aldarfar og atburði í kaupbæti með sögu Nesstofu fyrr og nú.

Starfslaunasjóður sjálfsett starfandi fræðimanna

Sjóðurinn er í umsjón Rannís og hefur 43 milljónir til ráðstöfunar og hefur framlag ríkisins staðið í stað um langa hríð. Þ.e.a.s. mánaðarlaunum hefur ekki fjölgað, í reynd lækkað með tillits til verðlags og auk þess að fleiri eru um hituna. Gunnar Þór og Friðbjörg funduðu í upphafi árs með háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytinu og lögðu áherslu á að kynna fyrir þeim hvaða áhrif vanfjármögun SSSF sjóðsins hefði á kjör fræðiritahöfunda og útgáfu. Þau lögðu fram formlega beiðni um að sjóðurinn yrði hækkaður upp í 240.000.000 kr. Fyrir fundinn með ráðuneytinu funduðu þau með fulltrúum Hagþenkis í stjórn SSSF, Jóni Yngva, aðalmaður og Eyju Margréti sem er varamaður. Einnig með fulltrúum stjórnar RA til að stilla saman strengi áður en þau hittu stjórn SSSF. Í ljós kom að ráðuneytið telur það vera stjórnar s SSSF að sækja um hækkunir. Þann 1. nóvember birtist greinin *Þungur róður*, eftir Gunnar Þór og Henry A Henrysson. Markmið hennar var að vekja athygli á alvarlegri stöðu SSSF og fræðiritauútgáfu en allt kom fyrir ekki. Í fjárlögum 2024 var framlag til SSSF ekki hækkað.

Málþing og ráðstefnur sem Hagbenkir átti aðild að

Um haustið kallaði Hagbenkir kallaði til samráðs fulltrúa helstu hagaðila um námsefni til að standa fyrir málþingi um námsgögn og kjör námsefnishöfunda. Það er Samtök um skólaþróun, KÍ, SÍS, MMS, FIBÚT og fulltrúa frá Mennta- og barnamálaráðuneytið og síðar bættist við fulltrúi Samtaka menntafyrirtækja. Friðbjörg og Sólrún sóttu undirbúningsfundi fyrir hönd Hagbenkis. Mennta- og barnamálaráðuneytið kom í lok árs á spretthóp, sem Sólrún tók sæti í, til að undbúa lög um námsefni og ráðuneytið tók að sér að vera í forsvari fyrir málþinginu. *Málþing um framtíðarfyrirkomulag útgáfu námsgagna*, sem var haldið 16. febrúar 2024. Aðalfyrirlesarar voru, Per Kornhall formaður samtaka sænska námsefnishöfunda og Teemu Lehtonen, bókaútgefnandi og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, *Sanoma Learning*. Sólrún og Henry birtu grein, *Námsefnisgerð stendur höllum fæti*, fyrir málþingið. Hagbenkir skrifaði síðan umsögn um *frumvarp til laga um námsgögn* í samráðsgátt stjórnvalda ásamt fleirum. Til stendur að *Skólavarðan*, tímarit KÍ, fjalli á árinu um námsgögn og stöðu námsefnishöfunda.

ReykjavíkurAkademían stóð 22. september fyrir málþinginu, *Fræðaping 2023, Innan garðs og utan*, og fulltrúi Hagbenkis, Henry A. Henrysson sat tvo undirbúningsfundi.

Höfundarréttarsamtök stóðu saman að málþinginu *Tíminn líður hratt á gervigreinaröld* í Kaldalóni 29. september í Hörpu sem fjallaði um gervigreind og höfundarétt. Friðbjörg og Henry voru undirbúningshóp og Henry birti grein 21. september, *Gervigreind og höfundaréttur*.

Lestarkönnun Miðstöðvar Íslenskra bókmennta

Miðstöð íslenskra bókmennta, í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, Félag íslenskra bókaútgefenda, Hagbenki, Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Rithöfundasamband Íslands láta árlega gera könnun á bóklestri Íslendinga. Þetta er áttunda sinn sem sambærileg könnun er lögð fyrir þjóðina þar sem lestrarhegðun og viðhorf til lestrar og bókmenningar er kannað. Niðurstöður eru birtar á vef Hagbenkis.

Timarit.is – höfundagreiðslur

Stjórn Hagbenkis samþykkti árið 2022 að ganga til liðs við Myndstef og RSÍ um að sækja bætur, fyrir hönd félagsmanna til Landsbókasafns vegna efnis á timarit.is. Þ.e.a.s. segja táknrænar greiðslur til að byrja með. Landsbókavörður segir Landsbókasafnið ekki hafa fjárheimildir til þess. Málið er á vettvangi Fjölís en öll aðildarfélög Fjölís þurfa að vera sammála um næstu skref.

Úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot af bókasöfnum

Arnbór Gunnarson tók sæti sem aðalmaður og Sólrún Harðardóttir til vara. RSÍ hefur umsjón með útgreiðslum og líklega tímabært að endurskoða úthlutunarreglur í samstarfi við RSÍ.

Ný bókmenntastefna versus bókmenningarstefnan frá 2017

Menningar og viðskiptaráðuneytið hélt 9. febrúar ráðstefnu í Veröld undir yfirskriftinni: *Fjárfesting í íslenskum bókum – skiptir hún máli?* Í útekt Deloitte fyrir ráðuneytið kom fram að velta á íslenskum bókamarkaði dróst verulega saman samkvæmt gögnum Hagstofunnar allt frá 2008–2018, eða um 43% á föstu verðlagi. Endurgreiðslur stjórnvalda vegna kostnaðar við útgáfu bóka á íslensku voru meðal annars hugsaðar til að bregðast við þessu ástandi. Enn fremur voru rakin áhrif af tilkomu nýrra miðla á markaðinn, einkum hljóðbókarinnar, og hvernig bókaneysla breyttist í kórónuveirufaraldrinum og í kjölfar hans.

Helstu niðurstöður Deloitte voru að stuðningurinn hafi í fyrsta lagi stuðlað að lægra verði bóka til neytenda en ella. Verðlag á bókum hefur á tímabilinu sem til rannsóknar var hefur hækkað minna en almennt verðlag sem skilgreint er í vísitölu neysluverðs. Þá eru sterkar vísbendingar um að endurgreiðslurnar hafi haft áhrif á fjölda útgefna titla og stuðlað að fjölbreyttara framboði bóka. Í úttektinni kom í ljós að gallar eru á söfnun tölfræðigagna vegna bókaútgáfu á Íslandi og þarf að gera gangskör í að koma því í lag. Við því á að bregðast með sérstakri aðgerðum nýrra bókmenntastefnu sem var lögð fram á vordögum. Á ráðstefnunni kom skýrt fram að höfundar hafa ekki notið betri kjara þrátt fyrir endurgreiðslur til bókaútgefanda. Skýrsla Deloitte hefur ekki verið gerð opinber en Háþenkir fékk sent eintak.

Í desember barst beiðni barst frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu að Hagþenkir, FÍBÚT og RSÍ leggi til nýrrar bókmenntastefnu, sem lögð yrði fram sem þingályktun í upphafi árs 2024. Fulltrúar félaga voru boðaðar á fund með ráðherra og ráðuneytisfólki. Gunnar Þór formaður skrifaði greinargerð og hnykkti m.a. á að mikilvægt væri að bæta kjör sjálfstætt starfandi fræðimanna, stefnan taki einnig til námsefnis og lögð sé áhersla á íslensku sem annað mál. Hagþenkir skrifaði umsögn eftir að þingsályktunin birtist í samráðsgátt stjórnvalda. <https://island.is/samradsgatt/mal/3701> og nýja bókmenntastefnan var samþykkt af alþingi. S <https://samradapi.island.is/api/Documents/af88c1f2-41dd-ee11-9bc1-005056bcce7e>

Helsti ávinningur nýju bókmennta stefnunnar er að með henni fékkst fram breið skilgreining á bókmenntum sem er mikilvægt fyrir fræðiritahöfunda. Því miður eru námsgögn undanskilin því þau eru undir mennta og barnamálaráðuneytinu sem og bókmenntarannsóknarstofnanir, sem eru undir háskólaráðuneytinu.

Vert er að geta þess að Hagþenkir, RSÍ og FÍBÚT lögðu einnig til bókmenningarstefnu árið 2017, í tíð Kristjáns Þórs Júlíussonar þáverandi menntamálaráðherra. Þáverandi formaður Hagþenkis, Jón Yngvi Jóhannsson, átti auk þess sæti í samráðshóp skipuðum að ráðherra sem tók saman, *Skýrslu starfshóps um bókmenningarstefnu*. Í skýrslunni komu fram tillögur að aðgerðaráætlun, sem að hluta til komu til framkvæmda svo sem endurgreiðslur á virðisaukaskatti ríkisins til útgefanda en ekki hækkun framlags í SSSF.

Skýrslan frá 2017: <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Sk%3%bdrsla%20starfsh%3%b3ps%20um%20b%3%b3kmennningarstefnu.pdf>

Samantekt:

Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra og Gunnar Þór Bjarnason formaður.

Gunnar Þór Bjarnason
Friðbjörg Ingimarsdóttir
Asildur Þoroddsen
Svanhildur Gunnarsdóttir
Sveinur Jónsson

Friðbjörg Ingimarsdóttir